

# Viðauki 2

<b>VEGAGERÐIN</b>	
Norðurland eystra	
Mótt.	29. 9. 2019 <i>GEt</i>
Skjalalykill	612
Málsnr.	2019 070009

Sóley Jónasdóttir  
Vegagerðin Akureyri  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri


20. nóvember 2019  
Mf201907-0009/ 6.10 / I.S.K.

## Efni: Örlygshafnarvegur um Hvallátra

Með tölvubréfi dagsett 23.9.2019 óskaði Sóley Jónasdóttir, verkefnastjóri hönnunardeildar hjá Vegagerðin eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um nýja veglínu Örlygshafnarvegur um Hvallátra. Með fylgdi teikning af nýrri veglínu og þeim fornminjum sem finna má innan 200 m áhrifasvæðis hennar auk greinargerðar um fornleifar. Fornleifar hafa áður verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og gaf Fornleifastofnun Íslands út skýrsluna *Fornleifaskráning á þremur jörðum í Rauðasandshreppi: Hvallátrar, Breiðavík og Keflavík árið 2016*. Eru tvær fornleifar í innan við 15 m fjarlægð frá veglínu. Eru það BA-138:054 *tjaldstæði* í 11 m fjarlægð frá útbrún vegar og BA-138:152 *hleðsla* í 4 m fjarlægð frá útbrún vegar. Minjastofnun telur að vel ætti að vera hægt að komast hjá raski á minjastöðunum með því að merkja þær t.d. með stíku og gera starfsmönnum viðvart um staðsetningu þeirra. Sé það gert sér Minjastofnun Íslands enga ástæðu til að gera frekari athugasemdir við framkvæmdirnar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megri úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megri fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

  
Inga Sóley Kristjónudóttir

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Rannsóknar- og  
miðlunarvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Inga Sóley  
Kristjónudóttir

[ingasoley@minjastofnun.is](mailto:ingasoley@minjastofnun.is)